

64. fundur

Atvinnumálanefnd Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 13. apríl 2004 kl. 20:00 í Ráðhúsinu í samvinnu við Eflingu Stykkishólms. Fundurinn var opinn og var fólki úr atvinnulífi Stykkishólms sérstaklega boðið að mæta.

Mætt voru Magnús I. Bæringsson, formaður, Sæþór H. Þorbergsson, Þorsteinn Sigurðsson, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Elisdóttir. Frá Eflingu var mætt Ósk Bergþórsdóttir. Þá voru mættir Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi, Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri og Gretar D. Pálsson sem tók að sér fundarstjórn.

Fundurinn var mjög vel sóttur af hálfu fólks úr atvinnulífinu.

Magnús setti fund kl. 20:00 og Gretar tók við fundarstjórn.

Dagskrá:

1. Sveinn Björnsson gerði grein fyrir framboði á lóðum undir atvinnuhúsnaði skv. skipulagi og svaraði fyrirspurnum fundargesta.
2. Þorsteinn Sigurðsson gerði grein fyrir niðurstöðu könnunar sem hann vann fyrir atvinnumálanefnd á framboði á atvinnuhúsnaði.
3. Almennar umræður.

Fundi var slitið kl. 21:10 en nokkrir aðilar sem áhuga hafa á að halda málinu áfram funduðu óformlega áfram með atvinnumálanefnd.